



Simmi og Tóta samfélagslöggur tala við nemendur í 1. bekk í Mýrarhúsaskóla

Samfélagslöggur heimsækja Mýrarhúsaskóla

Samfélagslöggan kíkti í heimsókn til krakkanna í Mýrarhúsaskóla. Samfélagslöggur sinna svokallaðri samfélagslöggæslu sem er ætlað að færa lögregluna nær samfélaginu og efla tengsl við almenning.

Samfélagslöggurnar Simmi og Tóta fræddu börnin um öryggi í umferðinni. Þau fóru sérstaklega yfir notkun og mikilvægi endurskinsmerkja í vetrarmyrkrinu, hjálmanotkun á

hjólum og hlaupahjólum og rifjuðu upp með þeim umferðarreglurnar og hvernig best er að koma sér öruggum á milli staða.

Þau fengu börnin líka með sér í lið við að hnippa í foreldra sína í umferðinni og minntu á að það má ekki vera í símanum sínum undir stýri og hvað það er lang flottast og öruggast að það komi broskall á hraðamælunum hér á Seltjarnarnesi þegar þau

keyra framhjá. Krakkarnir voru með óteljandi margar spurningar og þótti spennandi að lögreglan væri komin að spjalla við þau. Þau fengu að sjá græjurnar sem þau bera á búningnum sínum og bentu á öll endurskinsmerkin á lögreglu-búningnum. Ákveðinn hápunktur hjá einhverjum var svo að gera tilraun til þess að kenna lögregluþjóni PÓGÓ í frímínútunum.

Mikilvægt er að minna börn, unglinga, foreldra, fullorðna á notkun endurskinsmerkja í svartasta myrkrinu til að tryggja öryggi sitt í umferðinni. Hjálmanotkun er lífsnauðsynleg, ljósabúnaður og endurskin á hjólunum sjálfum líka. Svo ber að áréttu að þó götur og stræti séu að mestu leyti þurr á þessum síðustu og bestu, þá leynast víðsvegar hálkublettir sem geta verið hættulegir öllum á hjólum með ónegldum dekkjum. Slysín gera ekki boð á undan sér, svo verið á undan með réttum búnaði og tryggðu öryggi!





Barnabílstólar í úrvali





SEAT FIX	AIR CIRCULATION SYSTEM	LIGHT WEIGHT	ECE NORM R 44/04
HERO	ISO FIX	ADVANCED SIDE PROTECTION	3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlendum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Leiðari

Nýtt líf með Gróttubbyggð

Framkvæmdir við byggingu íbúða við Bygggarða í Gróttubbyggð hófust í lok árs 2022. Í fyrsta áfanga verkefnisins eru 63 íbúðir í fimm húsum auk bílakjallara. Áætlað er að afhenda fyrstu íbúðir haustið 2024.

Stefnt hefur verið að byggingu íbúða við Bygggarða í nokkur ár. Fátt gerðist annað en hinir og þessir komu að fyrirhuguðu verkefni án þess að nokkuð yrði úr. Ekki fyrr en Jáverk tók framkvæmdirnar að sér.

Fátt hafði orðið í byggingarmálum á Seltjarnarnesi um lengri tíma ef frá eru talin fjölbýli á Hrólfskálamel. Þeir búsetukostir höfðuðu einkum til miðaldra og eldra fólks.

Öðru máli gegnir um hina nýju byggð austan Gróttu. Þar er miðað við að nýtt fólk komi og festi sér ból. Fólk komi að og flytjist á Seltjarnarnes. Með því fjölgar íbúum bæjarfélagsins.

Lílegt má telja að aldurssamsetningin breytist með tilkomu Gróttubbyggðar. Þangað flytji yngra fólk á vinnumarkaði. Fólk sem skapi auknar tekjur fyrir bæjarfélagið.

Með Gróttubbyggð mun skapast nýtt líf. Líf sem bæjarfélagi og samfélagi er nauðsyn.

Footloose á 1. des hátíð



Footloose á sviðinu á 1. des hátíð.

Hin árlega 1. des hátíð 10. bekkinga var haldin með glæsi-brag í sal Mýrarhúsaskóla að kvöldi dagsins.

Á þessari hátíð bjóða nemendur foreldrum sínum til veislu, sýna skemmtiatriði, flytja leikrit og dansa. Að þessu sinni var leiksýningin Footloose sett á svið. Nemendur stóðu sig virkilega vel og eiga stórt hrós skilið fyrir frammistöðuna.





TJÓNAVIÐGERÐIR

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðvottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.





Hafðu samband núna



Droghóls 6-8 567-0690 tjon@tjon.is www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarféлага.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum



SELTJARNARNESBÆR

KJÖR ÍPRÓTTAMANNS SELTJARNARNESS Í KVENNA OG KARLAFLOKKI 2023 FER FRAM FIMMTUDAGINN 8. FEBRÚAR 2024 Í HÁTÍÐARSAL GRÓTTU KL. 17:00

Öllum bæjarbúum á Seltjarnarnesi er boðið að koma og fylgjast með kjörinu.

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótta- og ólympíusambands Íslands.

Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótta- og tómstundanefndar að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar. Eingöngu er unnið úr tilnefningum.

Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það sem þarf að koma fram er:

- Nafn, kennitala, heimili, sími og tölvupóstfang.
- Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.
- Ástundun og hversu mikið er æft.
- Titlar eða árangur.
- Félagslega hliðin.
- Annað sem þið viljið koma á framfæri.

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstföngin: haukur@seltjarnarnes.is og ornvidar.skulason@seltjarnarnes.is fyrir 15. janúar 2024.

Einnig óskar ÍTS eftir umsóknum um styrk úr Afreksmannasjóði íþróttamanna á Seltjarnarnesi

Sjá úthlutunarreglur: <http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthykkir/nr/3229>

Umsóknir um styrki skulu berast til Íþrótta- og tómstundanefndar Seltjarnarness fyrir 15. janúar ár hvert á þar til gerðum eyðublöðum á heimasíðu bæjarins eða á póstfangið haukur@seltjarnarnes.is.

Umsóknareyðublað er á mínum síðum á www.seltjarnarnes.is

Með öllum umsóknum skal leggja fram ítarlega greinargerð um umsækjandann.

Úthlutun úr afreksmannasjóði ÍTS fer fram á kjöri Íþróttamanns Seltjarnarness.

Hagstæð útkoma samstæðu

Fyrri umræða um Fjárhagsáætlun fór fram á dögunum. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur samstæðu bæjarsjóðs Seltjarnarnesbæjar verði 39 m.kr. Þrátt fyrir að niðurstaða A-hluta sé óhagstæð um 72 m.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu er áætlað um 600 m.kr. Áfram verður þétt aðhald í útgjöldum bæjarins og allra leiða leitað til frekari hagræðingar. Með lækkingi verðbólgu á næstu misserum má gera ráð fyrir að grunnreksturinn styrkist enn frekar. Fjármálastjórn hefur verið eflað til muna og áætlanagerð og eftirfylgni stórbætt. Einnig verður rekstur Hitaveitu Seltjarnarness eflaður og hún gerð sjálfstæðari.

Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri lagði fram greinargerð þar sem helstu markmið og niðurstöður eru raktar nánar. Hann sagði frumvarpið innihalda fjárfestingaráætlun sem og þriggja ára áætlun. Ástæða sé til að taka fram að frumvarpið geti tekið breytingum á milli umræðna. Þór benti á að frumvarp þetta væri unnið á verðbólguáætlunum og að mörgu leyti við krefjandi aðstæður.

Óvissa vegna kjarasamninga

“Verðbólga mælist í dag um 8% og vaxtarstig er sömuleiðis hátt sem hefur áhrif á vaxtaberandi lán bæjarins og fjármagnsliðir bæjarsjóðs því ansi þungir í skauti. Öll aðföng svo sem vara og þjónusta af öllu tagi hafa hækkað um 20 til 40% á árinu og þær hækkanir hafa dunið á bæjarsjóði eins og öðrum.” Þór minnti á að kjarasamningar væru framundan og töluverð óvissa sem ríkti enn um. “Við væntum þess að efnahagslegur hagur fari batnandi eftir



mitt næsta ár. Það ástand er þó brothætt eins dæmið um stríð í Evrópu hefur sýnt okkur með þeim efnahagslegu afleiðingum sem allir glíma við í dag.”

Leikskólinn stærsta verkefnið

Þór sagði að stærsta verkefni komandi árs verði bygging nýs leikskóla en fullnaðarhönnun þess mannvirkis verði afhent 1. desember næstkomandi sem hefur verið unnin með starfsfólki leikskólans. Annað verkefni sem þegar er í gangi eru viðgerðir á skólahúsnæði sem mun verða kostnaðarsamt. Þeim verkum miðar þó vel.

Óbreyttar álagningarprósentur

“Við munum ekki breyta álagningarprósentum. Útsvar verður áfram 14,31%. Aukinn kostnaður hefur fallið á sveitarfélög eftir gildistöku nýrra laga um sorpflokkun sem valdið hefur því að kostnaður við sorphirðu hefur aukist. Óvissa ríkir um endurgreiðslur frá Úrvinnslusjóði vegna pappa og plasts sem greitt er til baka til sveitarfélaga. Áætlun okkar er eins og alltaf mótuð af vörn og stuðningi við grunnþjónustu bæjarins sem eru skólar, íþrótt- og tómstundastarf, félagsþjónusta auk öldrunarþjónustu,” sagði Þór.

Minnihlutinn bendir á gjaldskrár-hækkanir

„Meirihlutinn hikar ekki við að hækka hressilega öll gjöld á íbúa sem er skattheimta sem leggst þýngst á barnafjölskyldur, aldraða og tekjulægri íbúa sveitarfélagsins. Allar gjaldskrár munu hækka um að minnsta kosti 9,9% sem er 87% hærri prósentu en meðaltals verðbólguþá seðlabankans, hagstofunnar og bankanna fyrir árið 2024,“ segir í bókun minnihluta bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun bæjarins.

„Fjárfestingaráætlun bæjarins sýnir að ekki á að setja krónu í endurbætur á félagsheimilinu, vallahúsi Gróttu eða endurnýjun á gervigrasinu. Áætlað er að setja 30 milljónir í skólalóð Mýrarhúsaskóla en ekki liggur fyrir hve mikið hægt er að gera fyrir þá upphæð en til samanburðar hafa endurbætur á skólalóðum í Vesturbænum kostað á bilinu 100 til 200 milljónir. Samfylking og óháðir munu beita sér milli umræðna fyrir því að við treystum grunnrekstur bæjarins með sanngjörnum hætti til að skapa svigrúm fyrir bættu þjónustu, aukð viðhald og endurbætur á grunninnviðum bæjarins,“ segir í bókun minnihlutans.

JS Watch co.
REYKJAVÍK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR
FYRIR HANN OG HANA

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

TAKTU RÁÐAGERÐI MEÐ ÞÉR HEIM

Taktu pizzur og aðra rétti með sér heim með 10% afslætti. Þú pantar í síma **546 1700**

FOCACCIA

Eldbakað hvítlauks focaccia 2.290 kr.
Focaccia brauð með mozzarella osti, hvítlauk og gremolata

Focaccia samloka 2.890 kr.
Eldbökuð focaccia samloka m/ klettasalati, burrata stracciatella, pistasíu pestói, tómötum, rauðlauk og blönduðum ólífum

Veldu álegg: Parmaskinka, mortadella, sterkt salami, reyktur lax eða steiktur kúrbítur.

SALAT

Vetrarsalat(V) 3.590 kr.
Bakaðar regnboga smágulrætur, steiktur kúrbítur, svartar kjúklingabaunir, klettasalati, karamelluseraðar hnetur, ferskur jalapeño, jurtaolía, jarðskokka- og grænkálsflögur

Bættu við fetaosti: 300 kr.

Sesar hússins 3.690 kr.
Romain salat, parmesan, ferskir og hálfpurkaðir tómatar, stökk parmaskinka, stökkt brauð og kryddjurtadressing. Veldu: kjúkling, rækjur, steiktan kúrbít eða steiktan geltaost

AÐALRÉTTIR

Ráðagerðis Bacalao 3.990 kr.
Saltfiskur í heimagerðri marinarasósu með blönduðum ólífum, hálfpurkuðum tómötum, grænkálsflögum og sýrðri sitrónu. Borið fram með eldbökuðu brauði.

Mascarpone kjötbollur 4.390 kr.
Eldbakaðar kjötbollur með mascarpone sveppasósu, steiktum sveppum, kartöflum, rauðlauk, gremolata, parmesan og spínati. Borið fram með eldbökuðu brauði.

Ráðagerðis lasagna 3.990 kr.
Þrjú lög af bolognese kjötsósu, bechamel sósu, mozzarella osti og pasta toppað með parmesan og bakað í eldofninum okkar. Borið fram með eldbökuðu og stökku hvítlauksbrauði.

Paccheri pasta (V) 3.990 kr.
Paccheri pasta sívalningar með hvítlauks og sveppa mascarpone, drekkt með okkar heimagerðu marinarasósu og bakað í eldofninum, toppað með gremolata og muldum pistasíum. Borið fram með mjúku eldbökuðu focaccia brauði.

**ALLIR RÉTTIR Á
10% AFSLÆTTI!**

SMÁRÉTTIR

Heitar ólífur (V) 1.390 kr.
Eldbakaðar ólífur í olíu, kryddaðar með oregano, rósmarín og chili flögum, bornar fram með brauði

Arancini 2.590 kr.
Stökkar sveppa risotto kúlar fylltar með mozzarella osti bornar fram með heimagerðri marinarasósu, steiktum kastaníusveppum, toppað með gremolata og parmesan osti

Burrata 3.490 kr.
Ítalskur burrata ostur, ferskir og hálfpurkaðir kirsuberjatómatar, grænkálsflögur og svart-hvítlauksdressing, borið fram með stökku brauði

PIZZA

Skiptu út osti fyrir vegan ost

Margherita 2.590 kr.
Tómatar, ferskur mozzarella og fersk basilíka

Pepperóni & ólífur 3.190 kr.
Tómatar, ostur, pepperóni, blandaðar ólífur og gremolata

Pepperóni & chili 3.490 kr.
Tómatar, ostur, pepperóni, ferskur chili, dödlur, mascarpone, toppað með chili hunangi

Sterkt salami 3.490 kr.
Chili-mascarpone, ostur, sterkt salami, ferskt jalapeño og rauðlaukur

Parma & klettasalati 3.490 kr.
Tómatar, mozzarella, parmaskinka, klettasalati og parmesan

Kjötbollur & perlulaukur 3.390 kr.
Tómatar, ostur, kjötbollur, sveppir, balsamik marineraður perlulaukur og vorlaukur

Burrata stracciatella 3.390 kr.
Tómatar, hálfpurkaðir tómatar, burrata stracciatella og jurtaolía

Truffla & kartöflur 3.390 kr.
Mascarpone, ofnbakaðar kartöflur, trufflu aioli, klettasalati og parmesan

Perur 3.390 kr.
Mascarpone, perur, ferskur mozzarella, gráðastur, karamellaðar valhnetur og klettasalati

Mortadella & pistasíur 3.490 kr.
Tómatar, ferskur mozzarella, mortadella, burrata stracciatella og muldar pistasíur

Hálfmáni 3.190 kr.
Tómatar, mozzarella, sveppir, silkiskorin skinka eða pepperóni

Leyft að byggja við Melabraut 20

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt afgreiðslu Skipulags- og umferðarnefndar umsókn um byggingarleyfi frá 21. júlí sl. Þar var sótt er um heimild til að reisa þriggja íbúða fjölbýlishús á tveimur hæðum á lóðinni Melabraut 20. Málið var áður á dagskrá 143. fundar skipulags- og umferðarnefndar þar sem því var frestað.



Melabraut 20.

Arkitekt byggingarinnar hefur endurskoðað tillöguna og lækkað húsið svo hæð þess er nú í samræmi við það sem áður hefur verið samþykkt fyrir nágrannalóðir með breytingu á gildandi skipulagi.

Arkitektinn hefur einnig lagt fram tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulaginu sem fellst í því að þak-kóti er hækkaður frá gildandi deiliskipulagi fyrir þessa lóð. Verður hæð hússins við það sambærileg við hæð hússins sem fyrir er á lóðinni og breytingu á deiliskipulagi fyrir nágrannalóðir sem liggur fyrir eða 9,5 metrar yfir gólfplötu 1. hæðar

Tillagan verði grenndarkynnt fyrir eigendum eftirtalinna eigna: Melabraut 18, Melabraut 19, Melabraut 21, Melabraut 22, Valhúsabraut 17 og Valhúsabraut 19.

Ef ekki koma athugasemdir við grenndarkynninguna er byggingarfulltrúa heimilað að samþykkja byggingaráformin að því tilskildu að þau uppfylli öll ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum.



Á myndinni afhendir Svala Baldursdóttir aðstoðarskólastjóri Mýrarhúsaskóla Ernu Dagný, starfsmanni UNICEF á Íslandi, afrakstur verkefnisins og síðan sungu nemendur lagið Myndin hennar Lísu.

Mannréttindi barna á þemadögum

Óhætt er að segja að krakkarnir í Mýrarhúsaskóla hafi staðið sig vel á þemadögum skólans sem lauk nýverið. Yfirskrift daganna var „Mannréttindi barna“.

Þemadögunum lauk með friðargöngu þar sem foreldrum og aðstandendum bauðst að koma og labba stuttan hring með börnunum og starfsfólki skólans í kyrrð og myrkri með vasaljós. Að göngu lokinni voru til sölu handgerð póstkort þar sem réttindum barna var gert hátt undir höfði. Allur ágóði af sölu kortanna rennur í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir börn í Súdan. Alls söfnuðust 211.500 krónur fyrir málstaðinn og þökkum við öllum þessum frábæru krökkum fyrir stuðninginn.

Áramótabrennan á Valhúsahæð hefst kl. 20.30



www.seltjarnarnes.is

.....

FJÖLDASÖNGUR

Sjáumst í hátíðarskapi á gamlárskvöld.

Seltjarnarnesbær óskar bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

.....

Kjötkompaní

NAUTALUND WELLINGTON

Munio að þanta tímanlega



DALSHRAUNI 13
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFÐA 18
110 Reykjavík

GRANDAGARDI 29
101 Reykjavík

kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Leiðtogafundur ungs fólks á Norðurlöndunum

Ungmennaráð Seltjarnarness átti hvorki meira né minna en þrettán fulltrúa á Leiðtogafundi ungs fólks á Norðurlöndunum sem fór fram í Hörpu dagana 24. og 25. nóvember síðastliðinn. Viðburðurinn var hluti af formennskuverkefni Íslands í Norrænu Ráðherranefndinni í ár og börn og ungmenni á aldrinum 13 – 25 ára frá öllum Norður-

löndunum tóku þátt. Leiðtogafundurinn er öflugur samráðs- og samtalsvettvangur barna og ungmenni sem varða þau sjálf. Í aðdraganda að viðburðinum var ljóst í samtali og á samstarfsfundum barna og ungmenna að þau vilja meira en að vera spurð um hvað þeim finnst, þau vilja aðgerðir.

Líflegar umræður áttu sér stað hjá ungmennunum á föstudeginum og laugardeginum var ráðstafað í að draga saman niðurstöður

úr umræðunum og mynda úr þeim aðgerðir sem afhentar voru Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra og samstarfsráðherra Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

Mikil áhersla var lögð á mikilvægi umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar, með því til dæmis að koma á og viðhalda verndar-svæðum og framfylgja lögum gegn skaðlegum iðnaði og mengunar-völdum. Ungu fólkið krefst aukinnar fjárfestingar í menntun, lengri opnunartíma í félagsmiðstöðvum, jafns aðgengis að námi og öflugri almenningsgangna. Allt eru þetta lykilatriði í baráttunni fyrir betri og sjálfbærari heimi.

Fulltrúar úr Ungmennaráði Seltjarnarness voru sveitarfélagi sínu til sóma og höfðum mikið til málanna að leggja. Þátttaka í viðburð



Hluti af fulltrúum Ungmennaráðs með Guðmundi Inga Guðbrandssyni og Action Plan sem afhent var við lok leiðtogafundar.

eins og þessum skilar heilmiklu í reynslubankann fyrir ungt fólk og niðurstöður sýna fram á mikilvægi þess að skapa ungmennum vettvang til að eiga opinskátt samtali um eigin lífsgæði. Þannig geta þau krafist aðgerða, haft áhrif á sitt nærumhverfi og í þessu tilfelli Norðurlöndin öll. Raddir ungs fólks eru mikilvægustu raddir samtímans og það er ábyrgð

fullorðna fólksins að skapa þeim tækifærin til að láta í sér heyra, hlusta, taka mark á skoðunum þeirra og hugmyndum og mæta þeim af virðingu.

Ungt fólk er ekki bara framtíðin heldur eru þau einnig nútíðin. Þau tala fyrir sig og sína jafnaldra, en líka fyrir þær kynslóðir sem á eftir þeim koma.

*Við óskum Seltirningum
og landsmönnum öllum
gledilegra jóla og farsældar
á komandi ári.*

Hvetjum bæjarbúa til að huga að umhverfinu í kringum hátíðirnar, flokka plast og pappír og fara með flugelda í SORPU.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Iceland
Hotel Collection
BY BERJAYA

Jólagjöfin er SAMVERUSTUND

Vinsælasta jólagjöf Íslendinga þetta árið er samverustund.
Gefðu nærandi samveru og ógleymanlegar minningar með
gjafabréfunum okkar!

BERJAYA
ICELAND HOTELS

ICELAND
PARLIAMENT
HOTEL

REYKJAVÍK
KONSÚLAT
HÓTEL

canopy
REYKJAVÍK | CITY CENTRE

Hilton
REYKJAVÍK NORDICA

hotel
edda

ALDA
HOTEL
REYKJAVÍK

Lyng
RESTAURANT

V O X
BRASSERIE & BAR

hósti
Jóni
restaurant

KONSÚLAT
WINE ROOM

GEIRI
SMART
RESTAURANT

SLIPPBARINN
RESTAURANT - BAR



mylla
RESTAURANT

aurora
RESTAURANT & BAR

satt

Hilton
REYKJAVÍK SPA

natura spa

PARLIAMENT SPA



Þegar þú kaupir gjafabréf á vefnum okkar eða í útibúinu í Kringlunni fram til **23. desember** ferð þú í pott og gætir unnið allt að **100.000 króna inneign** sem gildir á öllum hótélum, veitingastöðum og heilsulindum Iceland Hotel Collection by Berjaya.

Vertu með!

Atburðir sem aldrei gleymast

- Elín Hirst fjallar um sögu afa síns og ömmu í nýkominni bók

„Já - bókin heitir Afi minn stríðsfanginn og fjallar um afar erfiða tíma sem föðurfjölskylda mín gekk í gegnum,“ segir Elín í spjalli við Nesfréttir en afi hennar var þýskur ættar og var handtekinn af bresta setuliðinu á tíma heimsstyrjaldarinnar 1939 til 1945 og hnepptur í fangelsi. „Þetta er sérstæð saga. Þegar Bretar hernámu Ísland 10. maí árið 1940 höfðu þeir miklar áhyggjur af því að fylgjendur þýskra nasista hefðu hreiðrað hér um sig og af þeim gæti stafað hættu. Bókin fjallar um það hvernig örlögin höguðu því þannig að Karl Hirst föðurafi minn sem var þýskur ríkisborgari búsettur á Íslandi, giftur íslensku konu og tveggja barna faðir var handtekinn og sendur í stríðsfangabúðir árið 1940. Afi var handtekinn á vinnustað sínum í vélsmíðjunni Héðni sem var við Aðalstræti. Þaðan var farið með hann og fleiri fanga í Miðbæjarskólann þar sem þeir voru yfirheyrðir en síðan voru þeir í eins konar „gæsluvarðhaldi“ á Gamla Garði við Háskóla Íslands þar til að þeir voru sendir úr landi.

Elín segir að til að gera grein fyrir upphafi þess máls vilji hún grípa niður í kafla í bókinni þar sem sagt er frá handtöku afa síns. Gefum henni orðið. „Ögæfan dundi yfir fjölskylduna á Undralandi föstudaginn 5. júlí 1940, nákvæmlega átta vikum eftir að Bretar stigu hér á land. Afi og amma höfðu reynt að láta lífið ganga sinn daglega vanagang þrátt fyrir hernámið. Þau voru jafnvel farin að trúa því að afi væri óhultur vegna þess að hann hafði hvorki komið nálægt stjórnmálum né verið viðriðinn starfsemi þýsku ræðismannsskrifstofunnar hér á landi.

Afi vaknaði snemma til að mæta í vinnu þennan morgun og amma eldaði handa honum hafragraut og útbjó nesti til að hafa í hádeginu. Þau kysstust að skilnaði og afi gekk út á stoppistöð með nestistöskuna sína og beið í nokkrar mínútur eftir Sogamýrarstræti.

Pabbi man vel eftir atburðinum sem breytti öllu hjá fjölskyldu hans fyrir lífstíð. Bræðurnir fengu að kúra lengur í hjónarúminu hjá ömmu eftir að afi fór í vinnuna. Klukkan var

að ganga níu. Þetta var fallegur og sólríkur morgunn. Vorskóli pabba var að baki og amma var í sumarfrí frá barnakennslunni.

Þá heyrðist mikill skarkali og umgangur frammi á gangi og skyndilega stóðu þrír hermenn í kakíbrúnum einkennisbúningum með byssur og reidda byssustingi við hjónarúmið. Þetta var eins og vondur draumur enda urðu bræðurnir skelfingu losnir og fóru báðir að hágráta. Einn hermanna spurði með valdsmannslegum rómi eftir Karli Hirst. Amma fór fram úr rúminu á náttkjólnum og sagði sonum sínum að vera grafkyrrir og ekki hreyfa sig úr rúminu. Hún var óskureið, talaði til hermanna á ensku og spurði hver þeirra væri yfirmaður. Síðan tók hún hann á eintal og hellti sér yfir hann: Hvað ætti það að þýða að rjúfa friðhelgi heimilisins með svo freklegum hætti og beina byssum að börnum?

Yfirmaðurinn bað ömmu afsökunar en sagði að þeir yrðu að ná tali af Þjóðverjanum Karli Hirst undireins. Ekki var talað um



Elín Hirst blaðamaður og rithöfundur.

handtöku heldur sagði liðsforinginn að þeir yrðu að tala við afa. Amma sagði að eiginmaður hennar væri farinn í vinnuna. Yfirmaður spurði hana þá hvar hann ynni og hún sagði honum það. Þá fóru hermennirnir og skildu ömmu og drengina eftir skelfingu lostin og í miklu uppnámi.

Amma hringdi strax á skrifstofu Héðins til þess að vara afa við því sem í vændum var. Ég veit ekki hvort hún fékk að tala við hann sjálfan eða hvort samstarfsmenn hans komu skilaboðunum til hans.

Skömmu síðar mættu hermennirnir í vélsmíðjuna. Þeir örkuðu inn í vélasalinn og sögðu við afa að hann yrði að koma með þeim til yfirheyrslu en síðan yrði honum líklega sleppt. Annað kom reyndar á daginn.“

Ekki sleppt heldur í fangelsi

„Í stað þess að yfirheyra afa

og sleppa honum síðan eins og hermennirnir höfðu látið í verði vaka var hann handtekinn og fluttur í fangelsi þar sem hann dvali í fimm ár eða þar til stríðinu lauk. Fangabúðirnar voru á eyjunni Mön í Írlandshafi. Mön hafði verið vinsæll sumardvalarstaður fyrir stríð með fjölda gistihúsa. Þegar stríðið skall á voru þessi gistiheimili tekin undir fangabúðir. Afi og amma máttu skrifast á en allt sem þeim fór á milli var kyrfilega ritskoðað. Þegar stríðinu lauk í maí 1945 neituðu íslensk stjórnvöld honum og fleiri mönnum sem voru í hans sporum um landvistarleyfi á Íslandi. Bretar neyddust því til að senda mennina í neyðina í Þýskalandi, sem var þó Bretum á móti skapi, því mennirnir áttu fjölskyldur og heimili á Íslandi. Þetta voru því samtals sjö ár sem fjölskyldan var aðskilin.“

Amma ekkert síður aðalpersóna í bókinni

Elín segir að líf fjölskyldunnar heima hafi ekki síður verið áhugaverður þáttur og hvernig hún hafi komst af í þessari óvissu. „Þetta voru auðvitað afar erfið ár. Amma stóð uppi ein með tvo unga drengi og þurfti að hafa mikið fyrir því að sjá fyrir þeim ein. Ég fjalla talsvert um hennar þátt í þessum atburðum og lífinu hvernig það gekk hér heima. Hún gafst ekki upp og stóð sig alveg ótrúlega vel að sjá fyrir fjölskyldunni og hugsa um drengina. Hún er í raun ekkert síður aðalpersóna bókarinnar en afi. Lífið snerist svo mikið um hana og hvernig hún komst af með fjölskylduna við þessar aðstæður.

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komnum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is



Sveinir Einarsson
Útfarastjóri
Sí: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfarastjóri
Sí: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umgjafi útfara



Guðmundur O. Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umgjafi útfara
Sí: 862 0537

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð



JS LJÓSASMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



Þóra Marta Stefánsdóttir og Karl Hirst, afi og amma Elínar eru söguhetjur bókarinnar.

Þegar afi fékk loksins að koma heim til Íslands árið 1947, eftir sjö ára aðskilnað sem óvíst var hvort lyki beið þeirra það stóra verkefni að sameina fjölskylduna á ný.

Fannst gott að búa á Nesinu

Elín Hirst bjó lengi á Seltjarnesi. Hún minnst þess tíma. „Mér fannst mjög gott að búa á Nesinu. Fyrst bjó ég við Eiðistorg, síðan í Bollagörðum og loks við Neströð“ Hún talar um

hversu samfélagið á Seltjarnarnesi sé samheldið og mikil nálægð við náttúruna og sjóinn sé notaleg. „Ég á tvo uppkomna syni, þá Friðrik Árna og Stefán og ég man hvað mér fannst gott að ala upp börn á Seltjarnarnesi. Þetta var á þeim árum sem ég vann afskaplega mikið, var bæði fréttastjóri á Stöð 2 og síðan á RÚV, en bestu stundirnar mínar voru alltaf að vera heima með drengjunum.“ Talið barst áfram að Nesinu og spurningunni

um hvort Elín telji eftir löng kynni af Nesinu að Seltjarnarnes eigi að vera sjálfstætt bæjarfélag. „Já – eftir að hafa búið legi á Seltjarnarnesi finnst mér fara vel á því að Seltjarnarnesið sé sjálfstætt sveitarfélag.

Þar spilar félagslegi þátturinn og samheldnin sem ég fann svo vel fyrir í bæjarfélaginu stórt hlutverk sem mér finnst svo mikilvægur og ekki síður en sá efnahagslegi.“



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband

Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Ykkar menn á Nesinu

Góð þjónusta / Fagljósmyndun / Sanngjörn sölubóknun

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur** óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur

Finnbogason

lögg. fasteignasali

Sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is



Páll

Þórólfsson

lögg. fasteignasali

Sími: 893 9929

pall@miklaborg.is



Draumur innan Draums

Eftir Edgar Allan Poe
í þýðingu Jóns Hjaltasonar

*Þiggðu blíðan koss á brá. Brátt ég kveð og fer þér frá.
Verð ég þó að játa þá þér er víst rétt að telja;
Að mitt var draumur einn að velja;
Ef vonin hljóðlált hvarf úr vegi hvort á nóttu eða degi,
í tálsýn eða engri, er hún þá nokkuð lengri?
Að allt er við sjáum eða sýnist, sé draumur innan draums er týnist.*

*Ég eiri hér við boða bönd
á brimsorfnni strönd.
Og held í minni hönd;
hvikum kornum sjávarsanda
Svo fá en hripa milli handa.
Renna úr fngurum og í djúp,
í minn salta tára hjúp.
Drottinn get ég þétt um gripið,
greipað fngur minnkað hripið?
Guð get ég ei hamið hönd
á hrjófri óláns eyðiströnd?
Er allt sem við sjáum eða höldum,
aðeins draumur af draumsins völdum.*

Skemmtilega textílverkefni í Mýró



Nemendur í 3. bekk í Grunnskóla Seltjarnarnes unnu ýmiss skemmtileg verkefni í nýliðinni textíl lotu. Þau sníðu m.a. vinnupoka , saumuðu myndir á og saumuðu saman í saumavél. Þau þæfðu einnig jólakúlur og saumuðu brúður úr gömlum sokkum. Sumir gerðu einnig hús fyrir brúðurnar. Á myndunum má sjá hluta af því sem nemendurnir unnu.

NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

Umbúðagámar fyrir pappa- og plastumbúðir
hjá **Orkunni 22. - 29. desember.**

- Austurströnd, Seltjarnarnesi
- Gylfaflöt, Reykjavík
- Kleppsvegi, Reykjavík
- Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði
- Skagabraut, Akranesi

terra
Umhverfisþjónusta

ORKAN

Viltu hætta að reykja?

Fólk fer mismunandi leiðir að reyklusu lífi og til að forðast bakslag er mikilvægt að kynna sér hvaða úrræði og stuðningsmeðferðir eru í boði áður en kemur að deginum sem þú ætlar að hætta að reykja.

Dæmi um stuðningsmeðferðir eru t.d. ráðgjöf fagaðila í reykleysismeðferð og nikótínlyf. Samkvæmt Berglindi Árnadóttur lyfjafræðingi hjá LYFIS/Icepharma hafa rannsóknir sýnt að samþætting faglegs stuðnings og nikótínlyfja gefi góða raun fyrir þá sem vilja hætta að reykja.

Í mörgum tilfellum eru það ekki bara fráhvörfin sem eru erfið heldur allt þetta félagslega og andlega sem tengist reykingunum. Hafðu í huga að erfiðleikarnir og óþægindin sem þú upplifir þegar þú hættir að reykja eru tímabundin. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hverjar ástæðurnar eru fyrir því að vilja hætta að reykja. Gott er að minna sig á þessar ástæður reglulega, til dæmis þegar reykingalöngunin gerir vart við sig.

Nikótínlyf

Þegar þú hættir snögglega að útvega líkamanum nikótín úr tóbaki finnur þú fyrir ýmiss konar vanlíðan sem kallast fráhvarfseinkenni.

Með notkun nikótínlyfja getur þú komið í veg fyrir eða dregið úr þessari vanlíðan og löngun til að reykja. Það er vegna þess að þú heldur áfram að útvega líkamanum lítið magn af nikótíni í stuttan tíma á meðan hann er að venjast því að fá ekki lengur nikótín úr tóbaki.

Nikótínlyf fást án lyfseðils í apótekum. Til eru margar gerðir af nikótínlyfjum svo hver

og einn ætti að geta fundið nikótínlyf við sitt hæfi. Margir kjósa nikótín munnholsúða frekar en önnur nikótínlyf þar sem hann er auðveldur í notkun og áhrifin koma fram á um 1 mínútu. Samanborið við nikótínþyggi-gúmmí eða nikótínmunnsogstöflur frásogast nikótín hraðar úr munnholsúða og getur nikótín munnholsúði því hentað þeim sem vilja slá fljótt á reykingalöngunina.

Það tekur innan við mínútu fyrir nikótínið að frásogast inn í líkamann frá því að maður dregur að sér sígarettureyk. Nikótínið fer upp í heila og losar þar taugaboðefnið dópamín, sem framkallar velliðan. Það eru þessi áhrif sem reykingafólk sækist eftir og ánetjast. Í ljósi þess hversu fljótt nikótínið frásogast inn í líkamann telur Berglind að notkun skjótvirkandi nikótínlyfs geti verið lykilatriði í að hætta að reykja.

Zonnic – taktu stjórnina!

Zonnic Pepparmint munnholsúði er notaður til að hjálpa þér að hætta að reykja þegar þú vilt hætta eða til að hjálpa þér að draga úr reykingum þegar þú getur ekki eða vilt ekki hætta reykingum. Munnholsúðinn inniheldur 1 mg af nikótíni í hverjum úða og er skjótvirkt lyf gegn reykingalöngun.

„Þegar reykingalöngunin gerir vart við sig viltu hafa skilvirkt ráð við höndina sem virkar hratt og örugglega. Zonnic munnholsúði er með piparmintubragði og koma áhrif hans fram á 1 mínútu eftir að úðaskammtur er

notaður“ segir Berglind. Zonnic munnholsúði inniheldur ekki tjöru, kolsýring eða önnur eitufeni sem eru í sígarettureyk.



Berglind Árnadóttir, lyfjafræðingur hjá LYFIS/Icepharma.

„Úðaglasíð er með úðastúti sem er sérhannaður til að auðvelda notkun. Beina skal úðastútnum á milli kinnar og tanna þar sem nikótínið frásogast hratt inn í líkamann í munnholinu. Með því að beina úðanum á milli kinnar og tanna lágmarkar það einnig magn nikótíns sem berst niður í háls og maga, þar sem það getur valdið ertingu.”

„Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma sem sígarettu væri venjulega reykta eða ef löngun gerir vart við sig“ upplýsir Berglind.

Zonnic munnholsúðinn er einnig góð leið ef þú vilt minnka fjölda sígarettu sem þú reykir yfir daginn. Þú getur notað úðann til að vera laus við löngunina í sígarettu, því hver einasta sígarettu sem þú sleppir felur í sér stóran ávinning fyrir þig og þína heilsu.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Niconovum AB.
NIC231202 - Desember 2023

ZONNIC NIKÓTÍNÚÐI HAGKVÆMUR KOSTUR TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA

zonnic® TAKTU STJÓRNINA!



Friðarjól

Í desember minnumst við fæðingar Jesú. Það var ákveðið fyrir langa löngu að halda upp á fæðingu Jesúbarnsins á þessum árstíma. Það gerum við í síðustu viku desembermánaðar þegar skammdegið ríkir. Dagarnir eru stuttir og dagsbirtan varir aðeins í nokkra klukkutíma. Vissulega minnumst við fæðingarinnar á dimmasta tíma ársins skömmu eftir vetrarsólstöður. En ljósi punkturinn er sá að daginn er tekið að lengja á helgum jólum.

Þessi árstími er táknrænn fyrir komu Jesúbarnsins í mannheim. Barninu fylgir ljós og birta sem lýsir upp myrkrið. Það er gott að vita það nú um stundir þegar stríð og átök eru staðreynd í Evrópu, í álfunni okkar.

Jesús er friðarhöfðingi samkvæmt spádómum Gamla testamentisins. Jesús boðaði frið og kærleika hér á jörð. Hann vill ekki átök og ófrið. Allur boðskapur Jesú fjallar um kærleikann, að elska Guð og náungann. Stríð passa ekki inn í þann boðskap sem Jesús birtir okkur og heitir fagnaðarerindið.

Með þennan boðskap Jesú í huga keypti ég einkanúmer á gamla bílinn minn fyrir nokkrum árum. Sumir tengja þessi númer við hégóma. Það er örugglega eitthvað til í því. Númerið sem ég fékk á bílinn minn er þriggja stafa latneskt orð sem er „Pax.“ Orðið merkir „friður.“ Með þessu móti reyni ég að minna á mikilvægi friðar í mannlegum samskiptum og í umferðinni. Það skemmtilega er að sumir spyrja mig um merkingu orðsins og þá fæ ég tækifæri til að útskýra hvað það þýðir.

Hugur okkur hefur verið hjá Úkraínumönnum sem eiga í varnarstríði við öflugan nágranna. Þá höfum við fylgst með þeim skelfilegu átökum sem eiga sér stað fyrir botni Miðjarðarhafsins. Saklausir borgarar hafa misst

lífið. Við höfum verið döpur og sorgmædd vegna alls þess fólks sem fallið hefur í þessum átökum.

Drottinn er friðarhöfðinginn okkar. Við fylgjum honum að málum. Þess vegna skulum við biðja fyrir friði á milli manna og á milli þjóða. Við skulum biðja fyrir skilningi og umburðarlyndi. Það er sannarlega í anda jólanna. Munum eftir því að Jesús sagði eitt sinn: „Minn frið gef ég yður.“

Ég leyfi mér að fullyrða að allir jarðarbúar þrái frið í lífi sínu. Með því móti blómgastrífi og jafnvægi ríkir. Friðurinn er svo óendanlega dýrmætur og eftirsóknarverður.

Guð gefi þér og þínu fólki friðsama aðventu og gleðileg friðarjól, eða eins og Ingólfur Jónsson orti:

*Friður, friður frelsarans,
finni leið til sérhvers manns.
Yfir höf og yfir lönd
almáttug nær drottins hönd.
Hans er lífið, hans er sól,
hann á okkar björtu jól.
∴ Börn við erum börnin smá,
börn, sem Drottinn vakir hjá. ∴*



Sr. Bjarna Þór Bjarnason.



Gleðileg jól og fursælt komandi ár

— ★ —

Bæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar senda
bæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg
samskipti á árinu sem er að líða.



2023

**Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár!**

Við hjá Landsvirkjun þökkum góð
samskipti á árinu sem er að líða.
Hlökkum til að hittast uppfull af
endurnýjaðri orku á nýju ári.

Líf og för á jólamarkaði á Eiðistorgi



Jólasveinarnir tóku forskot á sæluna og skruppu á Eiðistorgið.



Elsa og Kristján úr Frosen mættu á svæðið.

Líf var og fjör á Eiðistorgi laugardaginn 2. desember sl. þegar jólamarkaðurinn var haldinn. Þetta var skemmtilegur dagur þar sem ýmis skemmtiatriði fór fram.

Elsa og Kristján úr Frosen komu og heilsuðu upp á gestina og stilltu sér upp fyrir myndatöku með börnunum. Þrír hressir jólasveinar mættu og gáfu börnunum mandarínur. Emma og Krummi sungu nokkur jólalog. Hagkaup á Eiðistorgi bauð upp á heitt súkkulaði með rjóma þar sem rúmír 40 lítrar runnu ljúft niður. Á einum básnum var verið að baka crepes pönnukökur. Inni á Torginu ilmaði allt af ljúfum kókó og pönnukökum. Alls voru 38 básar fullir af ýmsum fallegum vörum. Mikill fjöldi af gestum leit við á torginu og fólk skemmti sér mjög vel. Allir virtust glaðir og ánægðir. Iris Gústafsdóttir hárgreiðslumeistari á heiður af því að endurvekja þennan skemmtilega sið á Eiðistorginu sem lífgar upp á mannlífið og gerir heim-sóknir torgið skemmtilegar.



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

ÁFRAM VEGINN

Þegar jólahátíðin nálgast og árið að líða er eðlilegt að hugsa aðeins til baka, margs að minnast og þakka. Eins og gengur þegar fólk eldist kemur ýmislegt uppá, sumt léttvægt en annað þungbært og erfiðara að yfirstíga. Það er þó með bjartsýni og von í brjosti sem við horfum fram á nýtt ár en með söknuði og þakklæti sem við minnumst þeirra sem kvatt hafa okkur eða horfið til annarrar búsetu.

DAGSKRÁ

Mikil afföll voru í ferðina sem var boðið upp á í Elliðaárdalinn um miðjan nóvember. Þeir fáu sem þó fóru í þá ferð nutu leiðsagnar um sýningarhúsin, þ.e. Heimili veitna og Elliðaárstöð og góðra veitinga á veitingahúsinu. Önnur tilraun verður gerð til að skoða þetta fallega svæði næsta sumar. Þann 23. nóvember sl. var farin fjölmenn ferð í Borgarleikhúsið á sýninguna Delerium Búbónis, eina af perlum leikhússins. Gamanöngleikur af bestu gerð með sígildum lögum Jóns Múla og Jónasar Árnasona þar sem allir skemmtu sér konunglega. Síðasta þriðjudaginn í hverjum mánuði er boðið upp á dagskrá og veitingar í kirkjunni fyrir eldri borgara sem alltaf er mjög vel sótt. Þriðjudaginn 28. nóvember var boðið í snitsel með öllu tilheyrandi og á dagskránni var heimsókn Elínar Hirst, þar sem hún kynnti og las upp úr nýútkominni bók sinni Afi minn stríðsfanginn. Áhugaverð og forvitnileg bók. Einnig fengum við að heyra í ungu ljóðskáldi Magnúsi Jochum Pálssyni sem las upp nokkur ljóð m.a. um mannakjöt, “paddara” ofl. Skemmtilegur ungur maður.

OG SAMVERUSTUNDIR

Dagskrá eldri borgara undanfarnar vikur og þessa dagana er full af góðum samverustundum innan félagsstarfsins og fjölskyldna, í kirkjunni, hjá bókasafninu, kvenfélaginu í kórastarfinu og víðar. Dagskráin í félagsstarfinu er þétt nú á adventunni. Þegar þessar línur eru settar á blað þá er fasta dagskráin í fullum gangi, spennandi leik í boccia nýlokið, í salnum er verið að þrjóna, sauma og mála, á námskeiðunum í leir og gleri er verið að leggja síðustu hönd á fallega handunna listmuni til jólagjafa, spiladagar og bingo á næstu dögum og fólk keppist við að mæta í sundleikfimi og jóga, þúttið og góðu æfingarnar hjá Nesklúbbnum og ekki má gleyma kaffirkóknum á Skólabraut þar sem ýmsar sögur eru sagðar og heimsmálin rædd. “Jólaþjófssaga” og saman út að borða er svo næsta ferð, en hún verður þriðjudaginn 12. desember. Þá verður keyrt um vel upplýst og jólaskreytt svæði í nágrenninu og svo borðað á veitingastaðnum Nauthól.

Hvetjum alla til að fylgjast með dagskránni í bókasafninu og í kirkjunni nú í aðdraganda jóla en þar er boðið upp á fjölbreytta og áhugaverða dagskrá.

SÖNGUR OG SÚKKULADI / SAMVERA Á ADVENTUNNI

Þriðjudaginn 19. desember veður samvera í salnum sem við köllum söng og súkkulaði. Þá verður mikið sungið, spilað og flutt hugvekja. Allir taka lagið saman og sönghópur eldri borgara syngur við undirleik Bjarma Hreinssonar. Nemendur Tónlistarskólans koma í heimsókn ásamt kennurum sínum og Þorsteinn Stefánsson flytur okkur hugvekju. Boðið verður upp á heitt súkkulaði og rjóma, jólaglögg og á borðum verða tilheyrandi randalínur, smákökur og mandarínur. Stundin verður í salnum á Skólabraut og opnar kl. 14.30. Vonumst til að sjá sem flesta og að fólk gefi sér tíma til að njóta samveru, veitinga og spjalla saman.

Undirbúningur er hafin fyrir dagskrárgerð næsta árs. Hvetjum alla sem áhuga hafa á að koma fram með tillögur að dagskrá, óskir um ákveðna viðburði, ferðir, námskeið, tónleika, leikhús eða hvaðeina að hafa samband, kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is eða kíkja við í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut og við skoðum það saman.

Hvetjum fólk til að fylgjast með dagskrárauglýsingum félagsstarfsins næstu daga. Það eru ekki allir dagskrárliðir sem fara í frí á sama tíma. Byrjum aftur miðvikudaginn 3. Janúar.

Guð gefi ykkur öllum gleði og frið um hátíðirnar og gefu á nýju ári með þakklæti fyrir liðnar stundir.



Slökkvilið heimsótti Mýró

Slökkviliðsmenn heimsóttu nemendur í 3. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness á dögunum og fræddu þau um eldvarnir.

Þetta er fastur liður í starfsemi slökkviliðsins og nauðsynlegur. Nemendur fræddust um eldvarnir og hlustuðu á söguna af Brennu-Vargi, Loga og Glóð og fengu að skoða bæði slökkviliðsbíl og sjúkrahúsið.



Börnin fengu að skoða tæki slökkviliðsins.

Dagskráin í Seltjarnarneskirkju um jól og áramót

17. desember – þriðji sunnudagur
í aðventu

Fræðslumorgunn kl. 10.
Hundrað og þrjú ráð. Gagnlegar
ráðleggingar úr Biblíunni til að
lifa góðu lífi. Sr. Petrína Mjöll
Jóhannesdóttir kynnir bók sína.



Guðsþjónusta kl. 11.
Sr. Bjarni Þór Bjarnason,
sóknarprestur, þjónar.
Friðrik Vignir Stefánsson er organisti.
Selkórinn syngur í athöfninni.
Kaffiveitingar í safnaðarheimilinu
eftir athöfn.

Íþróttasunnudagaskóli kl. 13
Íþróttir með íþróttakennaranum og
síðan dansað í kringum jólatréð.
Allir krakkar fá jólagjöf.

23. desember – Þorláksmessa
Orgeltónar við kertaljós kl. 10.
Friðrik Vignir Þorsteinsson, organisti
Seltjarnarneskirkju leikur á orgelið.
Eygló Rúnarsdóttir syngur einsöng.

24. desember – aðfangadagur jóla
Aftansöngur kl. 18.
Sr. Bjarni Þór Bjarnason,
sóknarprestur, þjónar. Organisti er
Friðrik Vignir Stefánsson. Ragnhildur
Dóra Þórhallsdóttir syngur einsöng.
Félagar úr Kammerkór
Seltjarnarneskirkju syngja.

25. desember – jóladagur
Hátíðarmessa kl. 14.
Sóknarprestur þjónar.
Sr. Gylfi Jónsson prédikar. Salka Rún
Sigurðardóttir syngur einsöng.
Félagar úr Kammerkór
Seltjarnarneskirkju syngja.
Kaffi og konfekt eftir athöfn í
safnaðarheimilinu.

26. desember – annar í jólum
Helgistund kl. 10 í tilefni
af Kirkjuhlaupi Trimmklúbbs
Seltjarnarness.
Hlaupurum boðið upp á veitingar eftir
hlaupið í safnaðarheimilinu.


31. desember – gamlársdagur
Heitt súkkulaði og tónlist í
safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju
frá kl. 20.30 til kl. 22.30.
Allir sem fara á brennu eða koma af
brennu velkomnir til að staldra við
og þiggja veitingar og hlusta
á áramótatónlist.
Organisti kirkjunnar leikur
áramótalög.

1. janúar – nýársdagur
Hátíðarmessa kl. 14.
Sóknarprestur þjónar.
Guðmundur Ari Sigurjónsson,
bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, flytur
hugleiðingu.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Þorsteinn Freyr Sigurðsson syngur
einsöng. Félagar úr Kammerkór
Seltjarnarneskirkju syngja.
Kaffi og konfekt eftir athöfn
í safnaðarheimilinu.

7. janúar 2024
Þjóðlagaguðsþjónusta kl. 11.
Fólk er boðið um mæta í
þjóðbúningum. Sóknarprestur þjónar.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Félagar úr Kammerkórnum syngja.
Kaffiveitingar í safnaðarheimilinu
eftir athöfn.

Íþróttasunnudagaskóli kl. 13.
Íþróttir, söngur og fönður

ÁHUGAVERÐAR BÆKUR FRÁ HÓLUM!



Marcus Rashford er enskur knattspyrnumaður sem spilar með Manchester United og enska landsliðinu. Rashford hefur látið sig varða fátækt barna og hungur í Bretlandi og hlotið mikið lof fyrir. Rashford er frá Sankti Kitts og Nevis, Karíbahafseyjunum úr móðurætt.



Frá elstu tímum eru til sagnir um konur, sem vissu lengra nefi sínu. Þekktastar eru tvímælalaust völvurnar. Þær nutu mikillar virðingar enda voru þær á mörkum tveggja heima og höfðu vitneskju um það, sem flestum öðrum var hulið. Sumum þeirra fylgja magnaðar sögur og þær finnur þú í þessari einstöku bók.



Frá elstu tímum eru til sagnir um konur, sem vissu lengra nefi sínu. Þekktastar eru tvímælalaust völvurnar. Þær nutu mikillar virðingar enda voru þær á mörkum tveggja heima og höfðu vitneskju um það, sem flestum öðrum var hulið. Sumum þeirra fylgja magnaðar sögur og þær finnur þú í þessari einstöku bók.



Þrettán hæða trjáhusið þeirra Adda og Tedda er stórkostlegasta trjáhus í heimi. Það er með keiluhöll, gegnsærri glersundlaug, laug með mannætuhákörlum, leynilegri neðanjarðarrannsóknarstofu og sykurpúðavél sem eltir þig um allt og skýtur sjálfkrafa sykurpúðum upp í þig, hvenær sem þú finnur til svengdar.

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is

Grótta fór með sjö lið á Bakameistaramót ÍR



Krakkarnir í 8. flokki skelltu sér á Bakameistaramót ÍR í lok nóvember. Grótta fór með sjö lið í heildina, fimm strákalið og tvö stelpulið. Margir voru að fara á sitt fyrsta mót og spennan auðvitað mikil! Krakkarnir stóðu sig ótrúlega vel og var gleðin í fyrirrúmi hjá þessum flottu krökkum.

Aufi skoraði í sigri U18 gegn Svíþjóð

Gróttukonan Arnfríður Auður Arnarsdóttir, betur þekkt sem Aufi, lék með U18 ára landsliði Íslands gegn Svíþjóð í byrjun desember.

Liðin mættust í vináttuleik í Miðgarði þann 1. desember sl. og fór Ísland með 4-1 sigur. Aufi kom inn á á 64' mínútu og var ekki lengi að setja sitt mark á leikinn en hún skoraði glæsilegt mark örfáum mínútum síðar. Frábær frammistaða hjá þessum unga og efnilega leikmanni. Gaman er að segja frá því að Aufi hefur spilað með þremur yngri landsliðum á árinu. Hún lék með U16 á UEFA mótinu í Englandi í apríl og á Norðurlandamótinu í júlí, með U17 í undankeppni EM í október og nú með U18 ára landsliðinu!



Rebekka með U15 í Portúgal

Rebekka Sif Brynjarsdóttir fór til Portúgals í nóvember þar sem hún var við keppni með U15 ára landsliðinu. Ísland var þar ein fjögurra þátttökubjóða á UEFA Development Tournament, ásamt Þýskalandi, Spáni og Portúgal.

Í fyrsta leik mætti Ísland Spáni og gerði 3-3 jafntefli. Ísland tapaði seinni tveimur leikjunum, 2-0 gegn Portúgal og 4-1 gegn Þýskalandi. Ljóst er að Ísland er að spila gegn sterkum þjóðum og hefur þetta verið mikil áskorun fyrir þennan efnilega hóp. Þjálfari U15 ára landsliðsins er Magnús Örn Helgason sem er Gróttufólki vel kunnugur. Þá var Harpa Frímansdóttir, sem situr í stjórn knattspyrnudeildarinnar, einnig hluti af starfsliði hópsins. Þrír liðsfélagar Rebekku úr Gróttu/KR voru einnig í hópnum, þær Matthildur, Rakel og Kamilla.

Rebekka Sif stóð sig gríðarlega vel með landsliðinu úti og tekur helling með sér í reynslubankann! Knattspyrnudeild Gróttu er stolt af því að eiga svona glæsilegan fulltrúa í þessum hóp!



Skráning í stubbafimi

Skráning í stubbafimi vorönn 2024 hófst 1. desember sl. inn á vefverslun Sportablar sportablar.com/shop/grotta

Stubbafimi er ætluð yngstu iðkendunum. Áhersla lögð á grundvallarhreyfigetu og líkamsvitund með fjölbreyttum æfingum. Markmiðið er að vekja áhuga á fimleikum, byggja upp góðan grunn fyrir áframhaldandi fimleikaiðkun, kenna jákvæðan aga og reglur sem gilda í salnum. Fyrirkomulagið er á þann hátt að 3 ára og 4 ára börn æfa án foreldra í tímunum en fyrstu tveir tímar annarinnar er leyfilegt að fylgjast með til að auðvelda aðlögun. 1 árs og 2 ára stubbar eru með foreldrum í salnum.



við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966



HRAÐI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hraði@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

www.grotta.is



GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170



Jólagjafir UN Women á Íslandi veita konum og stúlkum um allan heim von og tækifæri.

gjafaverslun.unwomen.is

Neyðarpakkinn fyrir konur og stúlkur á Gaza 2.900 kr.



Mömmupakkinn fyrir nýbakaðar mæður á Gaza 3.990 kr.



Vertu ljós í lífi kvenna með fallegu ilmkerti 5.990 kr.



UN WOMEN ISLAND

SÆTI FYRIR SÁLINA Í SYSTRASAMLAGINU!



Sérlega vandaðir hugleiðslupúðar fást hjá okkur. Jólagjöfin í ár!!
Undurfallegir. Í raun húsgagn sem ætti að vera til á hverju heimili. Því staðreyndin er sú að 22% landmanna stunda hugleiðslu.



Vinalegasta vinagjöfin
Ferskvatnsperlur, verndarhálsmen, armbönd og annað með djúpa merkingu.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Iris, Alexandra og Larysa

Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12
iris@salonnes.is | www.salonnes.is



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
[@systrasamlagid](https://www.instagram.com/systrasamlagid)
Sími: 511 6367

Gleðilega hátíð

Við þökkum fyrir viðtökurnar á liðnu ári og vonum að þið njótið sem allra best yfir jól og áramót. Hér fyrir neðan er opnunartími Rádagerðis á hátíðardögum en við viljum einnig minna á að hægt er að taka pizzur og aðra rétti með sér heim með 10 % afslætti. Þú pantar í síma **546 1700**.



Þorláksmessa: 11–23 • Aðfangadagur: Lokað • Jóladagur: Lokað
Annar í jólum: 16–22 • Gamlársdagur: 17–23 • Nýársdagur: Lokað

